

R E G L U R

82

15. júlí

um breyting á reglum frá 10. ágúst 1933, um störf kjötmatsmanna.

10. gr. h-liður orðist þannig:

Kjötið skal vegið áður en það er fryst og skiptist í þyngdarflokka, sem hér segir:

						I. fl.	II. fl.
Skrokkar, sem vega	12½	kg.	og minna	merkjast	6	6	X
— — —	13 —16	—	—	—	2	2	X
— — —	16½—19	—	—	—	8	8	X
— — —	19½—22½	—	—	—	4	4	X
— — —	yfir 23	—	—	—	T	T	X

Merkin séu sett á umbúðir og merkimiða.

Kjötskrokkum, sem lenda á milli þyngdarflokka þessara, skal kjötmatsmaður skipa í næsta efri eða neðri flokk, eftir því sem honum þykir við eiga.

Með sérstöku leyfi atvinnumálaráðuneytisins má meta til útflutnings dilka-kjöt, sem ekki er tækt í I. eða II. flokk, ef það er útflutningshæft að dómi kjötmatsmanns, og skal það þá flokkast og merkjast, sem hér segir:

6 XX
2 XX
8 XX
4 XX
T XX

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. júlí 1935.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

S A M Þ Y K K T

83

19. júlí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík frá 27. nóvember 1934.

1. gr.

Aftan við 1. gr. samþykktarinnar komi:

Sama gildir um sölustaði, þar sem innlendingur varningur er hafður á boðstólum til sölu og hans ekki neytt á staðnum.

83

19. júlí

2. gr.

Á eftir orðunum „kl. 1 síðdegis“ í 4. gr. samþykktarinnar sé skotið inn orðunum:

og fyrsta sunnudag í sjöviknaföstu til kl. 5 síðdegis.

3. gr.

Hvarvetna á eftir orðunum sölubúðir í samþykktinni komi sölustaðir með viðeigandi tengiorðum og í viðeigandi myndum.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. júlí 1935.

Eysteinn Jónsson.

Vigfús Einarsson.

84

24. júlí

SAMÞYKKT

fyrir **Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá.**

1. gr.

Félagið heitir Veiði- og fiskræktarfélagið Víðidalsá. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagssvæðið er: Bjargaós, Miðhópsvatn ásamt Gljúfrá, Víðidalsá fram að Kolufossi og Fitjá fram að Bjarnarfossi. Þar til heyra þessar jarðir:

Þingeyrar, Leysingjastaðir, Hagi, Hólabak, Miðhóp, Gröf, Refsteinsstaðir, Titlingastaðir, Þorkelshóll, Nýpukot, Lækjamót, Þórukot, Stóra Ásgeirsá, Litla Ásgeirsá, Dæli, Hvarf, Kolugil, Bakkakot, Víðidalstunga, Valdarás, Kambhóll, Neðri Fitjar, Fremri Fitjar, Stórahvarf, Hrisar, Auðunnarstaðir, Galtanes, Síða, Litla Borg, Stóra Borg, Gottorp og Ásbjarnarnes.

3. gr.

Verkefni félagsins:

- a. Að auka lax- og göngusilungsveiði í vatnahverfi Víðidalsár samkvæmt 2. gr., svo sem með byggingu klakstöðvar, flutningi seiða, friðun, eyðingu sels og annara veiðivarga.
- b. Að reka alla lax og silungsveiði á nefndu vatnasvæði með félagsstarfrækslu.